

Nd.

262. Nefndarálit

[94. mál]

um frv. til laga um jarðeignasjóð ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og rætt það á fundi sínum. Hefur hún orðið ásátt um að flytja brtt. þær við frumvarpið, sem prentaðar eru hér á eftir. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt., sem fram kynnu að koma.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Stofna skal sjóð, er nefnist Jarðeignasjóður ríkisins. Sjóðnum er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um, er hér greinir:
1. Jörð, sem ekki selst o. s. frv.
2. Fyrsta málsgr. 6. gr. orðist svo:
Jarðir, sem ríkið eignast samkv. 1. gr. þessara laga, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til. Setja skal í sölusamninga ákvæði um nýtingu og meðferð landsins.
3. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Jarðir, sem eru í eigu Jarðeignasjóðs og ekki eru nýttar, samkvæmt 9. gr. o. s. frv.

Alþingi, 22. febr. 1967.

Gunnar Gíslason,
form.
Björn Pálsson.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.
Steingrímur Pálsson.
Gísli Guðmundsson.

Jónas Pétursson,
frsm.
Sverrir Júlíusson.